



SUNDLAUG - OPNUNARTÍMI SUMARIÐ 2018

Opnunartími:

Sundlaug Svalbarðsstrandar er opin fyrir almenningi á tímabilinu júní til ágúst ár hvert. Opnunartími sumarið 2018 er sem hér segir:

Sunnudaga	kl. 16-20
Mánudaga	kl. 16-20
Þriðjudaga	kl. 16-20
Miðvikudaga	kl. 16-20
Fimmtudaga	kl. 16-20

FJÁRÖFLUN UNGLINGADEILDAR VALSÁRSKÓLA

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjölu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

NÆSTU RUSLADAGAR

19. júlí	-	Græna tunnan
26. júlí	-	Gráa / brúna tunnan
9. ágúst	-	Gráa / brúna tunnan
16. ágúst	-	Græna tunnan
23. ágúst	-	Gráa / brúna tunnan

PÖNGLABAKKAMESSA 2018

Messað verður á Pönglabakka í Þorgeirsfirði 29. júlí kl. 14.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Bolli Pétur Bollason þjóna.

Húni siglir og hægt að ganga frá Hvalvatnsfirði yfir í Þorgeirsfjörð. Fargjald í skipið Húna er

2.500 kr. eitt verð og skiptir ekki máli hvort farið sé frá Akureyri eða Grenivík og breytir engu hvort um aðra leið sé að ræða eða báðar. Farið frá Akureyri kl. 8.00 og Grenivík kl. 10.00. Skipið tekur hámark 70 manns og fyrstir koma, fyrstir fá. Boðið verður upp á kaffi, te og pönnsur um borð. Gott að bóka í tíma á pósthafið:

bolli.petur.bollason@gmail.com.

Síðan verður hægt að aka að Tindriðastöðum í Hvalvatnsfirði sem tekur c.a. klst. og ganga þaðan yfir hálsinn sem tekur líka c.a. klst. og fólk finnur út úr því sjálft hvernig það kemst þangað.

Svo er það bara veðrið, er það ekki alltaf gott?

Verið velkomin!



BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næsti útgáfudagur er fimmtudaginn 23. ágúst.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 21. ágúst.